

List í nánustu framtíð

IBM-sýningin að Kjarvalsstöðum

Opnar samsýningar eru ævinlega happdrætti fyrir alla þá sem nálægt þeim koma: listamenn, sýningarstaði og áhorfendur. Listamennirnir vita ekki í hvaða kompaní þeir verða, sýningarstaðir geta átt von bæði á merkilegum verkum og ómerkilegum, áhorfendum sömuleiðis.

Stórfyrirtækið IBM tefldi því á tæpasta vað með að bjóða öllum íslenskum myndlistarmönnum innan 35 ára til afmælisýningar sinnar sem þad nefnir. Myndlistarmenn framtíðarinnar. Það hefði nefnilega verið óskemmtilegt að sitja uppi með eintóm börn og amatöra á tvítugsafmælinu.

Það gera þeir aðallega með því að laga útlendar tískubylgjur að íslenskum veruleika og vistund eða finna sér eitthvað það í íslenskrri menningu sem samsvarar hinnari útlendu tisku.

Þetta kemur til dæmis mjög greinilega fram (kannski alltof greinilega...) í tveimur málverkum Þorvalds Þorsteinssonar, sem talaði hyggilega um viðhorf sinnar listamannakynslóðar í sjónvarpsþætti um daginn, en hann gerir séra Matthías Jochumsson að nokkurs konar goðsagnaveru, samsvarandi þeim tímalausum karakterum sem nú má finna í málverkum margra meginlandlistamanna.

Stórverðlaun

Svo eru sumir sem þurfa alls ekki að leita út fyrir landsteinana í list sinni en hafa samt dottið niður á algild og áhrifamikil gagnandi, sjá landslagsmyndir Georgs Guðna Haukssonar sem hefðu auðvitað átt að fá þau stórverðlaun sem í boði voru, 100.000 krónur, þótt verðlaunað málverk Svanborgar Matthíasdóttur sé út af



Svanborg Matthíasdóttir – Staður, olía á striga, verðlaunaverk IBM.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Hins vegar firrti IBM sig helstu vandræðum með því að standa skynsamlega að sýningunni, hét góðum verðlaunum og skipaði nefnd fagmanna til að vinsa úr aðsendum verkum.


Það eru ekki síst þær ráðstafanir, og svo auðvitað heppnin, sem gert hafa þessa sýningu bæði fjölbreytta og skemmtilega. Aldrei þessu vant sjendur samsýning undir nafni, því meðal hinna sextíu og fjögurra þátttakenda er að minnsta kosti tylft ungra listamanna sem eiga eftir að gera ágæta hluti í nánustu framtíð. Að vísu eru sumir viðstaddra þegar byrjaðir á sinni framtíð, og hefðu því mátt sitja heima til að gefa yngri og minna þekktu kynslóð tækifæri til að spreya sig, ég nefni aðeins þau Brynhildi Þorgeirsdóttur, Helga Þorgils, Kristín G. Harðarson og Tolla.

Aðallega að mála



En þessir listamenn gefa sýningunni hins vegar nauðsynlega breidd.

Hvað er það svo sem þessi aðallega að mála. Það er að minnsta kosti tíð um skúlptúr á sýningunni, ekki fer þar heldur mikið fyrir grafík. Þó hef ég grun um að margir hinna ógu málara geti gert ágæta hnik þegar þeir eru ekki að vinna fyrir stórsýningar.

Aukinheldur finnst mér áberandi, hve mjög þeir gera sér far um að finna sér sjálfstæðar leiðir í myrkviði nútímalistarinnar, þar sem stefna dagsins er orðin úrelt á morgun.



Georg Guðni Hauksson - Snæfellsjökull (t.v.) og Hekla, olía á striga.



Helga Egilsdóttir – Römm er sú taug (t.v.) og Texti á mynd, akrýl á striga.



DV-myndir GVA

fyrir sig ágæt málamiðlun.

Annars er talsvert um að fólk sé að reyna að ná sambandi við vestrænan húanisma í gegnum goðsagnaheiminn, eða þá að leita eftir upprunalegum og ómenguðum sannleika, annaðhvort með tilvísunum í list frumþjóða eða dýralíf.

Hið goðsagnalega skýtur til dæmis upp kollinum í verkum Helgu Egilsdóttur, Helga Þorgils og Kristínar Maríu Ingimarsdóttur en hið frumstæða á svo aftur hug og hjarta listamanna eins og Bjargar Örvar, Erlu Þórarinsdóttur og Ragnars Stefássonar. Þá er ógetið allra dýranna í verkum þeirra Bjargar Örvar, Ingileifar Thorlacius, Óskar Vilhjálmssonar, Ragnars Stefássonar, Svanborgar Matthíasdóttur og Þóru Sigurðardóttur.

Í heildina séð er um það bil helmingur verkanna á sýningunni figúratífur, eða að minnsta kosti laustengdur við veruleikann, sem ætti að gefa okkur einhverjar vísbendingar um það á hvaða leið íslensk myndlist er.

Mikilfengleg og gjörólik

Fimmti hluti sýningarinnar er í óhlutbundnum stíl, sumt í expressjónískum eða ljóðrænum anda (erfitt að gera greinarmun á þessu tvennu) sjá til dæmis mikilfengleg og gjörólik málverk þeirra Hjördísar Frimann, sem er nýtt nafn fyrir mér, og Ráðhildar Ingadóttur.

Hins vegar er strangflatamálverkið heldur klénna, þótt ýmislegt geti enn gerst í verkum Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur og Þórunnar Hjartardóttur.

Tvær stúlkur, Hrafnhildur Sigurðardóttir og Jóna Imsland, virðast einnig líklegar til afreka í skrautlegri afstraktlist sem virðist að einhverju leyti hafa orðið til í textílpælingum.

Aðrir eru í ýmislegu mixi á pörtum úr veruleikanum, landslagi og öðru slíku, og afstrakt myndmáli, sjá þýsna þroskavænleg verk þeirra Helga Valgeirssonar og Bergþórs Gunnarssonar, en samkvæmt sýningarskrá er sá síðarnefndi sjálfmenntaður.

Það væri ósanngjarnt að taka fleiri unga listamenn sérstaklega til umgetningar, til þess gefst örugglega tækifæri seinna meir.

IBM á mikla þökk skilið fyrir framtíð. Ég vil aðeins setja út á sýningarskrána, sem hefði mátt vera ítarlegri. Það er til dæmis óþægilegt að hafa ekki upplýsingar um tæknihljóð listaverkanna.

Nú ætla ég að vona að önnur fyrirtæki fylgi í kjölfarið og efni til samstarfs með listamönnum. Með því slá þau margar flugur í einu höggi.

-ai

Ut Re Mi

Tónlist

Eyjólfur Melsted

Tónleikar Blokkflautukvartettsins Ut Re Mi í Norræna húsinu 28. febrúar. Á efnisskrá verk eftir Georg Forster, Heinrich Isaac, Ludwig Senfl, Balhasar Fritsch, Valentin Haussmann, Antony Holborne, John Taverner, J. Baldwine, William Byrd, Alessandro Marcello og óþekktar höfundar.

Þótt blokkflautan hafi ekki enn unnið sér háan virðingarsess í íslensku tónlistarlífi höfum við þó borið gæfu til, eða öllu heldur verið svo heppin, að þegar á hana hefur verið leikið á alvörutónleikum hér

hafa þar verið á ferð tónflytjendur sem vel kunna að blása. Aðeins á öðrum vettvangi heyrum við þetta flæðandi og falska glingursvibrato og fleira í þeim tíl sem óvandaðri blásarar beita til að fela vanmátt sinn. Blokkflautan, yfir og undirtónasnaudust allra hljóðfæra, útheimtir að á hana leiki aðeins vandaðir blásarar. Fingrafimi er í sjálfu sér ekki úrslitaatriði heldur það að kunna vel að blása.

Með hrúthornum líka

Ut Re Mi blokkflautukvartettinn, sem skipaður er fjórum konum, þeim Ulrike Volkhardt, Brigitte Braun, Siri Rovátkey-Sohns og Evu Praetorius, fellur tvímælalaust í hóp þeirra sem rækta góðan blásturs-

kúltúr. Fyrst höfðu þær á skránni verk eftir Georg Forster. Það var vel við hæfi því margar rætur liggja til Forsters. Í safni hans, „Ein Auszug guter alter und neuer Neutscher lieder“, sem út kom í Nürnberg árið 1539, er að finna ótalmörg lög þau og þemu sem urðu samtímamönnum hans og eftirkomandi tónskáldum að uppistöðum í margan tónvefinn. Allra fyrst blésu þær reyndar ekki á blokkflautu, heldur hrúthorn, sem keypt voru á flóamarkaði, ætluð til skrauts upp á vegg. Þær létu hins vegar gera úr þeim flautur, sem minna á ókarínur – afar skemmtilegt og sérstætt hljóðfæri.

Af sextándu aldar mönnum

Fyrri hluti tónleikanna var annars

í grófum dráttum helgaður þýskum sextándu aldar tónskáldum sem sum náðu að blómstra undir verndarvæng hinar þá nýfrjálsu lútersku kirkju, en sá síðari aftur á móti og Antony Holborne, John Taverner og William Byrd, sem voru mikilvirkir dansa og gleðimúsikhöfundar á sinni tíð. Reyndar skálduðu þeir eitthvað alvarlegs eðlis líka og Byrd mun meira að segja hafa tekið dansþemu upp í sálma.

Fyrirmyndarflokkur með úrvalshljóðfæri

Lokaverkið var konsert fyrir flautur eftir Alessandro Marcello. Eftir hann tók meistari Bach meðal annars óbókonsert og umskrifaði fyrir

hljómborð. Þar léku þær stöllurnar á gömlu flauturnar sínar. Var þar töluvert annar svipur á en á tónleikum fram að því. Jú, tilgangurinn með Íslandsför þeirra var fyrst og fremst sá að þækja hingað sett af renaissance blokkflautum sem þær létu smíða hér. Flauturnar, sem Adrian Brown smíðaði fyrir þær úr hlyni, eru hreinustu kjörgripir, út frá hljóminu að dæma. Mig grunar reyndar að þær kunni að þykja þungar, en hvað gefa menn ekki fyrir góðan hljóð? Það leyndi sér þó ekki að flauturnar voru tæplega tilbásnar og liðsmenn Ut Re Mi enn að venjast þeim, en vel mátti heyra að þarna færi fyrirmyndar blásaraflokkur með úrvalshljóðfæri í höndum. EM